

Ferjan Baldur er grunnstoð í samgöngum á Vestfjörðum, nú þegar við sjáum fram á heilsárs samgöngur milli sunnan- og norðanverðra Vestfjarða með framkvæmdum á Dynjandisheiði.

Fjórðungsþing leggur áherslu á að þar sem núverandi ferja annar ekki eftirspurn miðað við núverandi siglingaráætlun og það sem er enn mikilvægara að tryggja öryggi farþega um borð er nauðsynlegt að endurnýja núverandi ferju. Það er skýr krafa Fjórðungsþingsins að ekki verður unað við þá niðurstöðu Vegagerðarinnar að hagstæðast sé að uppfylla núverandi samning við Sæferðir sem gildir til 31. maí 2022 með möguleika á framlengingu til 31. maí 2023. Það er skýr krafa sveitafélaga á Vestfjörðum að hafin verði strax undirbúningur að því að gera gamla Herjólf fi kleift að leggja að bryggju á Brjánslæk og Flatey og að hann hefji siglingar við fyrsta tækifæri og sigli þar til ný ferja getur hafið siglingar. Einnig að við endurbyggingu á ekjubrúm sé miðað við að þær bæði henti Herjólf fi og nýrri ferju. Fjórðungsþing leggur einnig ríka áherslu á að lokið verði við gerð viðbragðsáætlunar vegna ferjuslysa á Breiðafirði, sem lagt var til árið 2011 að yrði unnin, en tíðar bilanir og aldur skipsins eru mikið áhyggjuefnir er varðar öryggi farþega.

Til að efla Vestfirði í heild þarf bæði aukið samtal og samstarf. Greina þarf styrkleika hvers sveitafélags fyrir sig og nýta þá styrkleika til þess að láta í okkur heyra og berjast að sameiginlegum hagsmunarmálum okkar í krafti fjöldans.